

Íslenska stærðfræðafélagið

Aðalfundur 23. janúar 2012

Skýrsla stjórnar fyrir 2011

Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 12. janúar 2011. Þau Einar Steingrímsson, Júlíana Indriðadóttir og Ragnar Sigurðsson gengu úr stjórn félagsins en í þeirra stað voru þau Anna Ingólfssdóttir, Úlfar Freyr Stefánsson og Viðar Hrafnkelsson kosin.

Í stjórn félagsins árið 2011 voru Henning Úlfarsson, formaður, Anna Ingólfssdóttir, Jóhann Sigurðsson, Úlfar Freyr Stefánsson og Viðar Hrafnkelsson.

Ákveðið var að félagsgjöld árið 2011 skyldu vera 3000 kr en 1500 kr fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum fengu 19 nýir félagar aðild að félaginu og voru 241 skráðir félagar á árinu.

Fundir

Eftirfarandi fundir voru haldnir á tímabilinu auk aðalfundar.

29.12. 2011. Jólafundur 2011. Ragnar Sigurðsson flutti erindi um *stofnstærð rjúpu og fálka á Íslandi*.

2.9. 2011. Í samstarfi við ICE-TCS flutti Ron Aharoni erindið: *Matchings in hypergraphs – many problems and some results*.

26.5. 2011. Í samstarfi við ICE-TCS flutti Georges Gonthier, Microsoft Research, erindið: *Verifying the Four Colour Theorem*.

24.3. 2011. Kynningarfundur á framhaldsnámi í stærðfræði fyrir nemendur í grunnnámi. Þeir Einar Bjarki Gunnarsson, Sigurður Freyr Hafstein, Úlfar Freyr Stefánsson og Viðar Hrafnkelsson héldu stuttar kynningar.

1.3. 2011. Luca Aceto, prófessor við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, flutti erindið: *Computer Science and Logic: A Match Made in Heaven*.

23.2. 2011. Umræðufundur um stærðfræði í framhaldsskólum.

Ráðstefna

Ráðstefnan *Stærðfræði á Íslandi 2011* var haldin í Reykholti Borgarfirði 12.–13. nóvember 2011. Þátttakendur voru samtals 40 og voru 13 fyrirlesarar sem fluttu erindi um fjölbreytileg svið stærðfræðinnar. Tekjur af ráðstefnunni námu 352 þkr og gjöld 366 þkr og afkoma ráðstefnunnar því neikvæð um 14 þkr. Íslandsbanki styrkti ráðstefnuna um 150 þkr, Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands um 140 þkr og Háskólinn í Reykjavík um 62 þkr.

Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Sem fyrr hefur félagið veitt verðlaun fyrir ágætan árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Samtals voru það 28 nýstúdentar sem félagið verðlaunaði. Vorið 2011 var verðlaunabókin „Síðasta setning Fermats“ eftir Simon Singh og hana hlutu:

Arnór Hákonarson, Menntaskólanum í Reykjavík

Áslaug Haraldsdóttir, Verzlunarskóla Íslands

Bjarki Brynjólfsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Bjarni Jens Kristinsson, Menntaskólanum í Reykjavík
 Egill Ingi Jacobsen, Menntaskólanum við Sund
 Elías Jónsson, Verzlunarskóla Íslands
 Gauti Baldvinsson, Menntaskólanum á Akureyri
 Harpa Kristjánsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
 Haukur Óskar Þorgeirsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Herbjörg Andrésdóttir, Flensborgarskóla
 Hörður Bragi Helgason, Menntaskólanum á Egilsstöðum
 Hulda Þorsteinsdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
 Ingimar Jóhannsson, Menntaskólanum á Egilsstöðum
 Jóhanna Agnes Magnúsdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
 Jón Hjalti Eiríksson, Menntaskólanum á Laugarvatni
 Konráð Þór Þorsteinsson, Menntaskólanum í Reykjavík
 Kristinn Hlíðar Grétarsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands
 Leó Fannar Sævarsson, Flensborgarskóla
 Oddur Björnsson, Verzlunarskóla Íslands
 Ólöf Sunna Gautadóttir, Menntaskóla Borgarfjarðar
 Paul Joseph Frigge, Menntaskólanum í Reykjavík
 Ragnheiður Guðbrandsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Rakel Guðmundsdóttir, Verzlunarskóla Íslands
 Sigrún Tómasdóttir, Menntaskólanum við Sund
 Sigtryggur Hauksson, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Við útskrift jólin 2011 var sama bók gefin og hana hlutu:
 Jól Rósinkrans Kristjánsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja
 Sif Sindradóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri
 Trausti Kouichi Ásgeirsson, Menntaskólanum í Kópavogi

Fjármál

Með þessari skýrslu fylgir rekstrarreikningur félagsins frá 1.1.2011 til 31.12.2011 og eru nú 138 þkr í sjóði. Tap var af rekstri félagsins sem nemur 600 þkr. Þó ber að geta þess að tveir styrkir sem félagið fékk á árinu eru ekki enn komnir inn á reikninga félagsins. Annars vegar eru það 140 þkr styrkur frá Háskóla Íslands vegna ráðstefnunnar Stærðfræði á Íslandi 2011 og hins vegar 600 þkr styrkur frá Menntamálaráðuneytinu vegna alþjóðasamstarfs á árinu 2011. Sé tekið tillit til þessara styrkja var afkoma félagsins jákvæð um 140 þkr á árinu.

Gjöld félagsins á árinu 2011 voru 1.467 þkr og vega þar þyngst framlag félagsins til Mittag–Leffler stofnunarinnar og árgjöldin til IMU og EMS eða samtals 692 þkr. Innheimt félagsgjöld voru hinsvegar 533 þkr.

Félagatal og umsóknir um aðild að félaginu

Í félaginu eru nú 241 félagar.

Frá síðasta aðalfundi hafa 12 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórn með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið:

Anna Sigga Lúðvíksdóttir, BS í stærðfræði frá HR 2012
 Bjarni Gunnarsson, BS í stærðfræði frá HÍ 1987
 Eyjólfur Ingi Ásgeirsson, Dr. í bestun frá Columbia Univeristy
 Hjalti Magnússon, BS í stærðfræði frá HR 2011
 Hörður Ingi Björnsson, BS Ed í stærðfræði og kennslufræði frá HR 2011
 Ingibjörg Jónsdóttir, BS í stærðfræði frá HR 2011

Ísak Hilmarsson, BS í stærðfræði frá HR 2011
 Kristján Jökull Sigurðsson, BS í stærðfræði frá HR 2012
 Luca Aceto, Dr. í tölvunarfræði frá University of Sussex 1991
 Páll Melsted, Dr. í reikniritum, fléttufræði og bestun frá Carnegie Mellon University 2009
 Sigríður Lína Viðarsdóttir, BS í stærðfræði frá HR 2011
 Sævar Jónasson, BS í stærðfræði frá HR 2012
 Ýmir Vigfússon, Dr. í tölvunarfræði frá Cornell University 2009
 Þorbjörn Guðmundsson, MS í stærðfræði og fjármálum frá Imperial College London 2008

Vefur félagsins

Á vef félagsins www.sta.is má finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, eins og fundi félagsins, ráðstefnur sem hafa verið haldnar, útgáfu á vegum félagsins eins og eldri fréttabréf, félagatalið, stærðfræðikeppnirnar og vefútgáfu orðaskrárinnar.

Hugtakasafn

Sumarið 2011 var smíði hugtakasafns á vefnum www.sta.is haldið áfram af Einari Bjarka Gunnarssyni og hafði Jóhann Sigurðsson umsjón með verkefninu. Til þess var notaður 300 þkr styrkur frá Almanakssjóði sem félagið fékk á síðasta ári og 100 þkr styrkur frá Reykjavíkurborg.

Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga (International Mathematical Union), og greiðir gjöld til þeirra. Ragnar Sigurðsson er fulltrúi félagsins í stjórn Mittag-Leffler stofnunarinnar, sem félagið styrkir með árlegu fjárframlagi, Anders Claesson er fulltrúi félagsins í ritstjórn Nordisk matematisk tidskrift og Robert Magnus situr í ritstjórn Mathematica Scandinavica sem fulltrúi Íslands. Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í ICMI, International Commission on Mathematical Instruction.

Stærðfræðikeppnir

Félagið stendur árlega að Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema ásamt Félagi raungreinakennara í framhaldsskólum og var engin undantekning á því. Framkvæmdanefnd keppinnar skipa nú þeir Auðun Sæmundsson, Bjarni Halldórsson, Friðrik Diego, Guðbjörn Freyr Jónsson, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir og Marteinn Þór Harðarson.

Úrslitakeppni fyrir veturinn 2010-2011 var haldin 5. mars og tóku 29 nemendur frá 6 skólum þátt í henni. Í efsta sæti var Áslaug Haraldsdóttir, Verzlunarskóla Íslands.

Þeim 15 efstu í keppninni var boðið að taka þátt í norrænu stærðfræðikeppninni þann 4. apríl. Efstur íslensku keppendanna var Paul Frigge (MR) með 9 stig, en næst komu Benedikt Blöndal (MR) og Ragnheiður Guðbrandsdóttir (MH) með 8 stig.

Ólympíuleikarnir í stærðfræði voru haldnir 13. til 24. júlí í Hollandi. Í liði Íslands voru Áslaug Haraldsdóttir, Ásgeir Valfells, Benedikt Blöndal, Hólmfríður Hannesdóttir, Sigurður Kári Árnason og Haukur Óskar Þorgeirsson. Liðið náði prýðilegum árangri, fékk samtals 48 stig. Áslaug, Ásgeir og Benedikt fengu viðurkenningu fyrir að leysa heilt dæmi. Áslaug var efst Íslendinganna og var einu stigi frá bronsverðlaunum. Dómnefndarfulltrúi var Marteinn Þór Harðarson og farastjóri Jóhanna Katrín Eggertsdóttir.

Forkeppnin fyrir veturinn 2010-2011 var haldin í skólunum 4. október og tóku þátt 328 nemendur úr 16 skólum (189 á neðra stigi og 139 á efra stigi). Efstir á neðra stigi urðu 1. Gunnar Thor Örnólfsson (MR), 2. Kristján Andri Gunnarsson (MR) og 3. Tryggvi Kalman Jónsson (MR). Efst á efra stigi urðu 1. Hólmfríður Hannesdóttir (MR), 2. Sigurður Kári Árnason (MR) og 3. Ásgeir Valfells (MH).

TIMSS-könnunin 2015

Í nóvember ítrekaði stjórn félagsins fyrri áskorun til mennta- og menningarmálaráðherra að Íslendingar taki þátt í TIMSS-könnuninni 2015 en undirbúningur fyrir hana hefst í ársbyrjun 2013. Stjórn Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík hafa einnig tekið undir áskorun félagsins

Tímarit og fréttabréf

Eitt tölublað RAUST, Tímarits um raunvísindi og stærðfræði kom út árið 2011. Fulltrúi félagsins í ritsjórn blaðsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Fyrir hönd stjórnar,

Henning Úlfarsson
formaður